

STARFSSKÝRSLA SKÓGARVARÐARINS

Á

VESTURLANDI ÁRIÐ 1948.

STARFSSKÝRSLA

=====

Ferðalög: Ég var 180 daga á árinu fjarverandi í ferðalögum og vinnu fyrir Skógrækt ríkisins.

Helztu ferðalög voru er hér greinir:

Til Reykjavíkur fór ég nokkrar ferðir, þar á meðal eina ferð í maí til að sækja plöntur.

25. janúar mætti ég á tveim fundum í Innri Akraneshreppi og Leirár og Melasveit ásamt skógræktarstjóra og fleirum.

2. maí fór ég vestur í Búðardal, ásamt skógræktarstjóra er sýndi kvikmyndir áð tilhlutan Skógræktarfélags Dalamanna, er einnig var formlega stofnað um leið.

4. júní fór ég vestur í Kolbeinsstaðahrepp og annaðist um viðgerðir á Snorrastaða- og Jörfagirðingu.

15. júní fór ég til Stykkishólms og kenndi gróðursetningu trjáplantna hjá Skógræktarfélagi Stykkishólms, einnig mældi ég fyrir girðingarreitum fyrir sama félag.

26. júní fór ég á aðalfund Skógræktarfélags Íslands að Hallormsstað, og kom heim úr því ferðalagi 2. júlí.

14. júlí fór ég víða um Dalasýslu, kom meðal annars að Ytrafelli, Staðafelli og Hvammi.

17. september fór ég ásamt Jóni Fannberg kaupmanni úr Reykjavík og Pálma Einarssyni landnámsstjóra, vestur að Ísafjarðardjúpi og athugaði skógkjarr umhverfis Mjóafjörð, einkum í landi jarðanna Kleyfakots og Botns, sem eru eign Jóns Fannbergs. Umræddar jarðir liggja umhverfis botn Mjóafjarðar og hefir Jón Fannberg friðað blett í landi Kleyfakots og plantaði þar á s.l. vori um 1000 rauðgreni og furu. Jón hefir í hyggju að friða stórt landsvæði á þessum slóðum og planta í það í stórum stíl.

Ég athugaði alla aðstöðu til skógræktar þarna og samdi skýrslu þar um, er ég fékk í ~~hæ~~ hendur Jóni Fannberg.

Í þessari ferð kom ég að Reykhólum og athugaði skógræktargirðinguna í Barmahlíðinni. Þar voru á s.l. vori gróðursettar 50 rauðgreni plöntur og dafna þar vel. Í fyrra voru gróðursettar nokkrar furur, en þar hafa flestar fallið og er það yfirléitt reynslan af furu þeirri er kom hingað á Suðvesturlandið vorið 1947.

Í þessu ferðalagi var ég 6 daga.

11. okt. fór ég ásamt öðrum manni vestur á Hjarðarholti í Dölum og hafði meðferðis girðingarefni.

Girti ég upp að miklu leiti gömul girðinguna utan um sáðreitinn en þar er nú kominn allsálitlegur skógur á blettum, að vísu eru hríslurnar of renglulegar og veldur þar um hinn óhóflegi grasvöxtur innan girðingarinnar.

Theodór Jóhannsson á "Hótel Vík" hefir annast um reitinn og hefir mikinn áhuga fyrir skógrækt.

13. okt fór ég áleiðis austur í Skaftafellssýslur og var ferðinni heitið í Bæjarstaðaskóg til fræsöfnunar.

Fór ég flugleiðis austur að Fagurhólsmýri en Oddur bóndi í Skaftafelli sótti mig þangað, og dvaldi ég í Skaftafelli meðan á fræsöfnun stóð.

Ekkert fræ var að þessu sinni í hinum friðaða og fagra Bæjarstaðaskógi, en reytingur af fræi var í Hálsinum inn af Bæjarstað, og er þar víða þróttmikill skógur.

Bæjarstaðaskógur er sennilega "gimsteininn" í ríki íslenzkra skóga þótt lítill sé hann að flatarmáli. Þar má heita hvert tré valið. Tvennt er það sem virðist skyggja á við framtíð Bæjastaðaskógar:

Í fyrsta lagi virðist uppblásturinn halda áfram af fullum krafti þrátt fyrir friðunina, og verður þegar á næsta vori að fylla í "rofin" og varna frekari uppblæstri.

Í öðru lagi yngir skógurinn sig ekki upp, mun þar um valda of þéttur og grasivaxinn jarðvegur milli trjána. Tilraun til úrbóta væri að tata jarðveginn milli trjána og á þann hátt gjöra fræinu hagara um vik að festa ratur. Ef þessi aðferð heppnaðist mætti höggva nokkur tré árlega úr skóginum og yngja skóginn ~~uppi~~ upp í framtíðinni, en þess virðist þörf áður en langt um líður.

Ég var 13 daga í þessari ferð, og kom í flugvél aftur til Reykjavíkur.

31. okt. og 1.-2. nóv. ferðaðist ég um Snæfellsnes, fór meðal annars vestur í Búðahraun og athugaði girðinguna

Þessi girðing er vel við haldinn, en ekki gjöri ég mér miklar vonir um skógarvöxt í Búðahrauni næstu mannsalda.

Auk þeirra ferða er að framan greinir fór ég fjölda margar ferðir um Mýra- og Borgarfjarðasýslur, hafði meðal annars eftirlit með Snorragarði í Reykhólta í sumar. Á s.l. hausti voru fest kaup á Norðtunguskógi og afhentur Skógrækt ríkisins.

Landamerki um skóginn eru þegar gerð.

Græðireitur: Sökum þess hve miklar skemmdir urðu í græðireitnum af völdum rótarátu árið 1947 var lítið af birki í reitnum í vor.

Söluhafar plöntur voru 1500 birki. Auk þess voru 4000 birki 2ja ára, er voru í sáðreit heima við bæinn á Hreðavatni - selt að Hvanneyri.

Mér þótti ekki girnilegt að dreyfsetja plöntur í þennan síkta reit, og í öðru lagi hefi ég ekki yfir því fjármagni að ráða frá Skógrækt ríkisins að tækilegt sé að starfrækja græðireit, enda yfirlýst að allt kapp verði lagt á að koma plöntuuppeldinu á Suðurlandi í það horf er fullnægi allri eftirspurn á plöntum, er slíkt á allan hátt hagkvæmara ern starfrækja smá reiti með ærnum kostnaði á víð og dreif.

Sáðplöntur frá 1947 eru til í 4 beðum og að þessu sinni var sáð birki frá í 5 beð heima í túninu á Hreðavatni. Það spýraði samilega, en þurkarnir í sumar háðu eðlilegum þroska.

Gróðursetning: Gróðursettar voru í Jafnaskarðsskóg 2000 rauðgreni. Voru fyrst gróðursettar 1500, dagana 7. og 8. júní. Þær plöntur komu með skipi, en þrátt fyrir langt ferðalag hafa þær dafnað mjög vel og ég varð ekki var við nokkur dauðsföll í sumar meðal þeirra.

Seinni sendingin, 500 að tölu, kom 27. júní og voru gróðursettar samdægurs. Þessar plöntur komu með flugvél frá Noregi. Þær voru smærri vexti en hinar fyrri. Sjónarmunur var hve þeim fór betur fram í sumar.

Jarðvegur sá er umræddar plöntur voru gróðursettar í, er moldarmikill, og skjólsalt er þar, í bezta lagi.

Þá voru gróðursettar rauðgreniplöntur í eftirgreindar girðingar er hér greinir:

Hvammsgirðing	50	rauðgreni
Munaðarnesgirðing	150	--
Snagagirðing	150	--
Hólmavatnsgirðing	100	--
Urriðaárgirðing	50	--
Barmahlíðargirðing	50	--

Þess skal getið að skátastúlkur úr Borgarnesi gróðursettu rauðgrenið í Hólmavatnsgirðingu að kostnaðarlausu, undir minni umsjá.

Í Munaðarnesgirðingu gróðursettu iðnaðarmenn úr Borgarnesi og komu með mikið af húsdýraáburði. Voru grafnar mjög stórar holur fyrir hverja plöntu og miklu af húsdýraáburði blandað saman við moldina. Ég stjórnaði verkinu, og var á allan hátt til þess vandað, enda döfnuðu plönturnar vel í sumar.

Í Urriðaárgirðingu kostaði U.M.F. Egill Skallagrímsson plöntunina, enda sér það um þessa girðingu að öllu leiti.

Í Barmahlíðargirðingu sá hlutaðeigandi ungmennafélag einnig um plönturnar.

Í Hvammsgirðingu kostaði Sverrir í Hvammi útplöntunina og í Snagagirðingur Skógræktarfélag Borgfirðinga.

Plöntusala. Plöntusölu annaðist ég að mestu leiti á vegum og með hjálp Skógræktarfélags Borgfirðinga.

Keypti Skógræktarfélag Borgfirðinga mikið af plöntum frá Skógrækt ríkisins og úthlutaði síðan um héraðið og víðar.

Tel ég á allan hátt hagkvæmast að skógræktarfélagin um land allt taki þessi störf að sér í framtíðinni.

Skógarhögg í Jafnaskarðsgirðingu.

Grisjuð var öll hlíðin frá götu og upp að Borgum og vestur á Hreðakotsbrekkur.

Nytjaviður sá er til féll var kurlaður í l. m lengdir og staflaður á staðnum, en eigi fluttir burt sökum vegleysis, enda ekki eftirspurn eftir reykingaviði það ég viti, framyfið það er berzt að á vegum Skógræktar ríkisins úr Vaglaskógi og víðar.

Langsamlega mest af þeim viði er féll við þessa grisjun voru verðlaus fúasprek, er nauðsyn bar til að rýma burtu vegna útplöntunar á erlendum trjátegundum.

Á næstu árum er nauðsynlegt að höggva allan gamla skóginn í þessari girðingu.

Laufgunartími. Um 20. maí var kjarrið í Hvalfirði byrjað að litast, en nokkrum dögum seinna upp í Borgarfirði. Vorið var mjög kalt, en það sem fór verst með allan gróður var hitatíðin í byrjun apríl, en þá voru tré í gördum komin að því að springa út.

Í byrjun maí voru hinsvegar frost og stormar. Á tímabilinu 5 til 15. sept. féll lauf af skóginum. Skógur mun nálega aldrei hafa lifað jafnstutt blómaskeið á þessum slóðum, sem í sumar.

Skógraskemmdir. Mjög mikil brögð voru að skógarmaðki framan af sumri, í Borgfirsku skógunum.

Í Dalasýslu varð ekki vart við skógarmaðk og eigi við Ísafjarðardjúp eða í Barðastrandasýslu.

Girðingar. Að þessu sinni var fjármagn mjög takmarkað til girðingafrankvæmda. Eftirgreindar girðingar voru girtar á árinu.

Varmalandsgirðing hjá kvennaskólagang-skólanum á Varmalandi. Það er 6 þætt gaddavírsgirðing um 1. km á lengd og liggur í hæðunum norður af skólanum.

Skólanefnd hefir ákveðið að hefjast þarna handa um stórfellða trjárekt á næstu árum og jafnframt ákveðið að nemendur við skólann verði látnir læra gróðursetningu og meðferð trjáplantna. Er slíkt mikill styrkur fyrir Skógræktina, almennt, ef nemendur í skólum lærðu að gróðursetja plöntur, slíku er víða ábótavant.

2. Trjálundurinn í Arnarholti var girtur að nýju og girðingin stækkuð, er hún tum 600 m, 6 þætt gaddavírsgirðing.

Bóndinn í Arnarholti óskaði eftir að Skógrækt ríkisins tæki að sér umhirðu og umsjá með trjálundinum, en þar eru yfir 40 lerkitræk er gróðursett voru 1908 fyrir forgöngu þáverandi sýslumanns í Arnarholti Sigurðar Þórðarsonar, en gróðursetninguna framkvæmdi Brynjólfur Guðbrandsson nú bóndi í Hlöðutúni.

~~Þessi~~ Þess skal getið að einungis 7 plöntur hafa farist frá því þar voru gróðursettar.

Auk lerkisins er mikið af reynivið í reitnum.

3. Þa var girtur reitur í Reykholti að tilhlutan Ingibjargar Eyfells í Reykjavík og systkina hennar.

Girðingin var um 600 m löng, 6 þætt gaddavírsgirðing. Girðinguni var valinn staður upp af "Eggertsflöt" vestan við túnið í Reykholti.

Plantað var um 300 birkiplöntum í þessa girðingu í vor.

4. Girt var 800 m löng gaddavírsgirðing í Klett í Reykholtisdal að tilhlutan Hermanns Jónassonar, er á umrædda jörð. Hefir Hermann fyrirhugaðs stórfellda trjáplöntun í þetta land þegar á næsta vori.

Fleiri nýjar girðingar hafa ekki verið girtar á þrinu, en hinsvegar er eftirspurn mjög mikil, og mun ekki mögulegt að sinna öllum þeim beiðnum.

Viðhald girðinga. er orðið allmikið, á eldri girðingum og veldur þar mestur um hve girðingarefnið var slæmt er notað var fyrir 1944.

Eftir þann tíma var farið að nota járnstaura og er það sýnilegur sparnaður. Gera má ráð fyrir að innan fárra ára veði að endurnýja alla staura í Búðahraungirðingu og Hreimstaðagirðingu.

Ég mun að þessu sinni láta fylgja skrá með árskýrslu yfir allar girðingar er girtar hafa verið á Vesturlandi hin síðari ár á vegum Skógræktar ríkisins. Ennfremur mun ég tilgreina þá aðila er viðhalda ein-

stökum girðingum, en hafa verið styrktir af Skógrækt ríkisins til að koma þeim upp, og slíkar girðingar eru jafnháðar eftirliti skógarvarða sem aðrar skógræktar-girðingar.

Félagsmál og áhugi.

Mjög virðist áhugi fyrir skógrækt færast í vöxt, og hygg ég mála sannast að í mörgum tilfellum sé áhuginn langt á undan getunni.

Mörg skógræktarfélag hafa verið stofnuð og fólk þantar miklu meira af plöntum með hverju árinu er líður, en áður þekktist. Fólk virðist almennt fylgjast af miklum áhuga með fyrirlesturum, blaðaviðtölum og lýsingum á þeim möguleikum sem taldir eru að séu hér fyrir hendi um ræktun á erlendum trjátegundum.

Að vonum fagnar fólk þeim dýrmætu fjársjóðum sem bundnir eru við skógivaxið land, enda þótt í hyllingum sé að mestu, en sem komið er.

Þeir einir sem þekkja til skógræktarmála standa frammi fyrir hóp af áhugafólki í skógræktarmálum sem segir við okkur að það sé hæðarleikur að rækta á skömmum tíma margvíslegan nytjaskóg á Íslandi, og krefst um leið að fá trjáplöntur af öllum hugsanlegum og jafnvel óhugsanlegum tegundum, úr sgróðrarstöðvum Skógræktar ríkisins, ennfremur styrk til girðinga og leiðbeiningar við gróðursetningu.

Hér þýðir oft lítið að mótmæla, fólkið segir að lögum samkvæmt eigi allt er að framan getur að vera fyrir hendi og vitnar í ljög og ummæli þar að lítandi.

Áhugi í skógræktarmálum sem og öðrum nytjamálum er gleðilegur og ber vott um starfsama og bjartsýna þjóð.

Það er gamalt spakmæli er segir: „Það er meiri vandi að gæta fengis fjár en afla“. Þetta er einmitt sá vandi sem nú er réttur að okkur er við skógræktira störfum

Fólkið hefir verið vakið til meðvitundar um að á Íslandi muni vera til möguleikar fyrir ræktun nytja-skóga.

Nú heimáar fólkið hjálp til að girða og mikið af plöntum.

Hvað getum við sagt fólkinu?

Ríkið hefir ekki efni á að hjálpa um girðingarefni, og nægar plöntur eru ekki til. Fólkið vill fá leiðbeiningar um val á landi til skógræktar og margvíslega aðra fræðslu er lýtur að skógrækt.

Það liggur við borð að það verði að segja fólkinu að ferðalögin séu of dýr fyrir íslenska ríkið, bækur og fyrirlestrar verði að duga.

Mér virðist það fyrirbæri koma fram í skógræktarmálum um þessar mundir, að ekki sé hægt að fylgja eftir ~~skógræktar~~ og hagnýta til fulls, starfsvilja fólksins í þágu skógræktarmála á Íslandi, vegna þess að fjármagnið sem er afl þeirra hluta sem gjöra skal - vantar.

Hreðavatni í janúar 1949.

Daníel Kristjánsson.

Skrá yfir girðingar

1. Girðingar er Skógrækt ríkisins annast að öllu leiti:

Jafnaskarðagirðing Mýrasýslu
Sauðhússkógargirðing Mýrasýslu
Munaðarnesgirðinga Mýrasýslu
Hvammsgirðinga (í Norðurárdal) Mýrasýslu
Stórafjallsgirðing Mýrasýslu
Arnbjargarlækjargirðing Mýrasýslu
Snorrastaða og Jörfagirðing Hnappadalssýslu
Ytrafellsgirðing Dalasýslu
Botnsgirðing í Geirþjófsfirði Barðastrandasýslu
Vesturbotnsgirðing við Patreksfjörð Barðastrandasýslu
Jarðlangsstaðagirðing Mýrasýslu

2. Girðingar er Skógrækt ríkisins hefir ekki samninga um en girt á sinn kostnað.

Enginn haldið þeim við síðustu árin:

Norðtungugirðing Mýrasýslu
Vatnaskógargirðing Borgarfjarðarsýslu

3. Sáðreitir á vegum Skógræktar ríkisins:

Bremnu Borgarfjarðarsýslu
Oddsstöðum Borgarfjarðarsýslu
Gullberastöðum Borgarfjarðarsýslu
Hjarðarholti Dalasýslu

4. Girðingar er Skógrækt ríkisins hefir v kostað verkið á að mestu eða öllu leiti, en aðrir aðilar annast viðgerðir á, Skógrækt ríkisins að kostnaðarlausu, en eigi að síður eru girðingar þessar háðar eftirliti Skógræktar ríkisins. Fer hér á eftir skrá yfir þessar girðingar og hvaða aðilar sjái um viðhald þeirra.

Búðahraunsgirðing Snæfellsnessýslu.

Snæfellingafél. Reykjavík annast viðgerð.

Hofstaðagirðing Snæfellsnessýslu.

Kvenfélag Miklaholtshrepps annast viðgerðir.

Hítardalsgirðing, Mýrasýslu.

Bóndinn í Hítardal annast viðgerðir.

Melsgirðing, Mýrasýslu.

Bóndinn á Mel annast viðgerðir.

Urriðargirðing, Mýrasýslu.

U.M.F. Egill Skallagrímsson annast viðgerðir.

Borgargirðing, Mýrasýslu.

Stúkan Borgarnesi annast viðgerðir.

Hólmavatnsgirðing, Mýrasýslu.

Skátafélag kvenna Borgarnesi annast viðgerðir.

Ytrafellsgirðing (eystri) Dalasýslu.

Þorsteinn Þorsteinsson Sýslum. Búðard. annast viðg.

Barmahlíðargirðing Barðastrandasýslu.

Kvenfélag og umf. Reykhólasveitar annast viðgerðir.

Varmalandsgirðing, Mýrasýslu.

Varmalandsskóli annast viðhald.

Nýjagirðingin Reykholti, Borgarfjarðarsýslu.

Ingibjörg Eyfells annast viðgerðir.

Klettsgirðing, Borgarfjarðarsýslu.

Hermann Jónasson alþingism. annast viðgerðir.

Verið getur að til séu gamlar skógræktargirðingar sem mér sé ekki kunnugt um, en á Vesturlandi var engin skrá yfir neitt er að skógræktarmálum laut er ég tók við verkstjórn. Gott væri að bæta þeim girðingum við, ef einhverjar hafa fallið úr.

Hreðavatni í Janúar 1949.

Daníel Kristjánsson.